

14. fundur vinnuhóps um leikskólamál haldinn í Þingborg 9. desember 2013 kl. 15.30

Mættir: Aðalsteinn Sveinsson oddviti, Hallfríður Aðalsteinsdóttir og Rannveig Bjarnfinnsdóttir fulltrúar leikskóla, Ingunn Jónsdóttir fulltrúi foreldraráðs Krakkaborgar og Halla Reynisdóttir fulltrúi fræðslunefndar.

Einnig voru mætt Jón Friðrik Matthíasson frá teiknistofunni M2, Runar Magnússon umsjónarmaður fasteigna og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Aðalsteinn sagði frá ákvörðun sveitarstjórnar frá fundi 4. desember s.l. Ákveðið hefur verið að halda áfram vinnu við uppbyggingu á leikskólanum Krakkaborg í Þingborg. Gert er ráð fyrir endurnýjun á tengibyggingu, 73,5 m² og viðbyggingu húsnæðis, 172,3 m².

Einnig er gert ráð fyrir endurbótum og viðhaldi á eldra húsnæði sbr. yfirliti yfir helstu verkþætti dags. 21. október 2013.

Jón Friðrik mun stilla upp drögum að útboðsgögnum fyrir hönnun burðarvirkis, pípulagna, rafmagns og loftræstingar.

Þegar allar teikningar liggja fyrir verður sótt um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa.

Rætt um að æskilegt sé að bjóða út í einu lagi endurbætur á eldra húsnæði og byggingu viðbyggingar.

Tilboð hafa borist í hreinsun húsnæðisins Krakkaborgar og afrifun gólfefna. Reiknað er með að því verki verði lokið 15. janúar 2014.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

Aðalsteinn Sveinsson
Hallfríður O. Aðalsteinsdóttir
Jón Friðrik Matthíasson
Halla Reynisdóttir
Rannveig Bjarnfinnsdóttir
Runar Magnússon
Margrét Sigurðardóttir
Ingunn Jónsdóttir